

hreppa utan sýslu og auglýsir um leið að uppboð á hrossunum fari fram eftir hálfan mánuð. Skal landeigandi skyldur að annast hrossin til söludags án endurgjalds, nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilegri borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki ef landráðandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við janúarsmölun. Tekur hreppsþjelagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

Takist sala ekki á uppboðinu, fer um hrossin eins og segir í 40. gr. næstsíðustu málsgrein.

Í hvert sinn, er óskilafjenaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd, eigi síðar en með næstu pósthferð á eftir, senda nákvæma lýsingu á honum til allra hreppsnefnda innan sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar, og láta hreppsþúa sína vita, ef líkur eru til, að þeir eigi nokkuð af hinum seldu skepnum.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkv. 71. gr. sveitarstjórnariaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 16. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þoddur Þermannsson.

Vigfús Einarsson.

Reglugjörð.

61

23. júní

um notkun og meðferð rafmagns í Borgarneshreppi.

1. gr.

Rafmagnsstöð Borgarneshrepps selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu nota til lýsingar verður rafveitustöðinni lokað yfir tímabilið frá 1. maí til 15. ágúst ár hvert, svo og á hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf ekki við.

Breytingar á þessu ákveður hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn, eftir því sem

61 við á, og eftir því til hvers rafmagnið verður frekar notað, verða þær breytingar auglýstar 23. júní notendum með hæfilegum fyrirvara.

Á þeim tíma, sem vjelin eða vjelarnar eiga að vera í gangi, má því að eins stöðva þær eða taka af straumium að brýna nauðsyn beri til sökum aðgerða, er ekki verður hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgjörðir, svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo mikla leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin er lokuð. Komi það fyrir að stöðin sje lokuð sökum aðgerða, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá $\frac{1}{250}$ hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem fram yfir er. Að öðru leyti ber stöðin gagnvart straumnotendum enga ábyrgð á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum (vis major), en skemdin verður bætt svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við og öðrum nauðsynlegum upplýsingum fyrir innlagninguna. Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafmagnsnefndar, og ákveður nefndin, hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki, og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjóri tillkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú till kynning vera komin til hans ekki seinna en tveim vikum eftir að stöðvarstjóri fjekk umsóknina.

Áður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi með undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugjörðar, skuldbinda sig til að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntuninn gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmum að húsinu, alt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá næstu aðalálmu kostar húseigandi það, sem fram yfir fer, en stöðin lætur vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á öryggjum og mælum, sem hún leggur til. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagningu húsálmu, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því hlýst, standi svo á, skal húseiganda gert aðvart um það fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka, nema með samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda af löggiltum innlagningarmanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, að fengnum tillögum rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra, löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar sem setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu eða fást við lík störf, er að rafveitunni líta, hvort heldur utanbúss eða innan.

6. gr.

61

23. júní

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús, áður reglugjörð þessi er staðfest, má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyrir en kjörinn maður eða menn af rafmagnsnefndinni eða stöðvarstjóri hafa skoðað og prófað innlagninguna og loftleiðslur allar, og vottað að leiðslurnar sje fullnægjandi. Áltíð innan og utanhússleiðslur ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga þær þannig, að þær verði í því standi, sem brunabótalögin heimta. Hið sama gildir um þau rafmagnstæki, sem hjer eftir kunna að verða sett.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi hreppsins, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á rafmagnstaugunum eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur eru á húsi hans eða utan þess. Brjótí nokkur gegu ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um sem honum er unt, að innlagning hans ætíð sje í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstæki eða rafmagustaugar í húsi þannig, að skemdu geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss, en rafmagnsstöðin utan.

9. gr.

Hreppsnefndin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setja á í samband við rafveitu hreppsins.

10. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna, að nota gamla lampa og önnur áhöld, sje þau eftir álit hennar orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri. Einnig hefir nefndin heimild til að banna, að rafmagnið sje notað til annars en ljósa.

11. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmaður rafmagnsnefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang allsstaðar þar sem taugar eru eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

61

23. júní

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefndinni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr, og má áfrýja þeim úrskurði til lögreglustjóra.

14. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa þrír menn, er hreppsnefndin kýs til eins árs í senn og stöðvarstjóri sem hreppsnefndin skipar eftir tillögum rafmagnsnefndar. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum rafmagnsnefndar. Hann hefir málfrelsi og tillögurjett á fundum nefndarinnar, en ekki atkvæðisrjett. Rafmagnsnefndin gefur fyrir 15. janúar ár hvert hreppsnefndinni skýrslu um störf stöðvarinnar um leið og ársreikningur er lagður fram. Reikningsár stöðvarinnar eru almanaksárið. Hreppsnefndin hefir yfirumsjón stöðvarinnar á hendi og gefur rafmagnsnefndinni erindisbrjef. Rafmagnsnefndin annast innheimtu á gjöldum til stöðvarinnar, hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir öll gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu þegar þarf, pantar efni og hefir alla framkvæmd á hendi í samráði við stöðvarstjóra, og semur ársreikning um tekjur og gjöld stöðvarinnar, og afhendir hann hreppsnefnd til endurskoðunar.

15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða, að svo miklu leyti sem þyngri hegningarákvæði ekki taka til þeirra, sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Borgarneshrepps, og skal farið með mál útaf þeim, sem almenn lögreglumái.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 23. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Þoddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.